

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/1999 frá 17. desember 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/628/EB frá 28. júlí 1997 um breytingu á ákvörðun 93/70/EBE um skráningarkerfi fyrir Animo-tilkynningar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/168/EB frá 17. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun 93/70/EBE um skráningarkerfi fyrir Animo-tilkynningar, þannig að hún taki til tiltekinnna úrgangsefna frá spendýrum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/874/EB frá 10. desember 1999 um breytingu á ákvörðun 93/70/EBE um skráningarkerfi fyrir Animo-tilkynningar, þannig að hún taki til tiltekinnna unninna prótína úr spendýrum⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB frá 16. desember 1999 um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða 9. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi áframhaldandi flutning afurða frá skoðunarstöð á landamærum ef sendingar eru ætlaðar til innflutnings í Evrópubandalaginu, og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 206.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 261, 23.9.1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 62, 3.3.1998, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 340, 31.12.1999, bls. 109.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 9, 13.1.2000, bls. 27.

- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/208/EB frá 24. febrúar 2000 um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi umflutning á afurðum úr dýraríkinu frá einu þriðja landi til annars þriðja lands sem fer eingöngu fram á vegum um svæði Evrópubandalagsins⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE) í hluta 1.2. í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 D 0025:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB frá 16. desember 1999 (Stjtið. EB L 9, 13.1.2000, bls. 27).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE) í hluta 1.2. í I. kafla I. viðauka við samninginn:

- „- **397 D 0628:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/628/EB frá 28. júlí 1997 (Stjtið. EB L 261, 23.9.1997, bls. 1),
- **398 D 0168:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/168/EB frá 17. febrúar 1998 (Stjtið. EB L 62, 3.3.1998, bls. 37),
- **399 D 0874:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/874/EB frá 10. desember 1999 (Stjtið. EB L 340, 31.12.1999, bls. 109).“

3. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við 86. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/653/EB) í hluta 1.2. í I. kafla I. viðauka við samninginn:

- „87. **32000 D 0025:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/25/EB frá 16. desember 1999 um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða 9. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi áframhaldandi flutning afurða frá skoðunarstöð á landamærum ef sendingar eru ætlaðar til innflutnings í Evrópubandalaginu, og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE (Stjtið. EB L 9, 13.1.2000, bls. 27).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 64, 11.3.2000, bls. 20.

Þessi gerð gildir einnig um Ísland á þeim sviðum sem falla undir sérstakar gerðir sem vísað er til í 2. mgr. í inngangshluta.

88. **32000 D 0208:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/208/EB frá 24. febrúar 2000 um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi umflutning á afurðum úr dýraríkinu frá einu þriðja landi til annars þriðja lands sem fer eingöngu fram á vegum um svæði Evrópubandalagsins (Stjtið. EB L 64, 11.3.2000, bls. 20).

Þessi gerð gildir einnig um Ísland á þeim sviðum sem falla undir sérstakar gerðir sem vísað er til í 2. mgr. í inngangshluta.“

4. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/628/EB, 98/168/EB, 1999/874/EB, 2000/25/EB og 2000/208/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

